



## Fundargerð

Þriðjudaginn 5. september 2023 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Erla Jónsdóttir.

Auk þess sat fundinn Ólafur Þór Ólafsson í afleysingum Alexöndru Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Ólafur Þór Ólafsson ritaði fundargerð.

Áður en gengið var til dagskrár bauð stjórnarformaður Ólaf Þór Ólafsson velkominn til starfa sem framkvæmdastjóra Félags- og skólaþjónustunnar í forföllum Alexöndru Jóhannesdóttur sem er í orlofi frá 1. september 2023 til og með 31. ágúst 2024. Stjórn óskar Alexöndru góðs gengis og hlakkar til samstarfsins við Ólaf.

Dagskrá:

### 1. Fyrirkomulag og greiðslur bakvakta

#### a. Barnavernd og heimilisofbeldi

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um þóknun fyrir bakvaktir, vegna barnaverndar og heimilisofbeldis. Formaður stjórnar kynnti drög að samningi og kostnaðarútreikning honum tengdum.

Stjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu erindis þar til umbeðin gögn liggja fyrir.

#### b. Hjúkrunarfræðingar á Sæborg

Fyrir fundinum lá beiðni um breytingu á launakjörum er tengjast bakvöktum á Dvalarheimilinu Sæborg. Formaður stjórnar fór yfir þau útfærsluatriði sem hafa verið til skoðunar, samskipti við FÍH og samskipti hjúkrunarforstjóra Sæborgar og framkvæmdastjóra Félags- og skólaþjónustunnar bs.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela formanni og framkvæmdastjóra að kanna með aðra möguleika á útfærslu bakvakta og frestar afgreiðslu. Þá mun formaður og framkvæmdastjóri leita leiða með hjúkrunarforstjóra til að draga úr álagi.

ei-  
ASK



### 2. Lánasamningur

Fyrir fundinum lágu drög að lánsamningi að upphæð 30. millj. króna, milli Lánasjóðs sveitarfélaga, sem lánveitanda og Félags- og skólaþjónustu A-Hún. sem lántaka og Húnabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar sem ábyrgðaraðila. Um er að ræða lán vegna framkvæmda á einni íbúð í Hnitbjörgum á Blönduósi og einni íbúð að Ægisgrund á Skagaströnd, sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun 2023. Verkefni falla undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Stjórn samþykkir samhljóða lánsamning og er Ólafi Þór Ólafssyni framkvæmdastjóra kt. 240659-2129, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Félags- og skólaþjónustu A-Hún að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirsmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, þurfa ábyrgðaraðilar sem eru sveitarfélögin Húnabyggð, Svf. Skagaströnd og Skagabyggð, að veita einfalda ábyrgð sína, í samræmi við eignarhlut, sbr. 2. mgr. 69. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og veðsetja enn fremur til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga, nánar tiltekið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.

Skilyrði fyrir útborgun lánsins er að sveitarstjórnir byggðasamlagsins samþykki að veita einfalda ábyrgð vegna lánasamningsins.

### 3. Áskrift að Signet Transfer

Fyrir fundinum lágu drög að vinnslusamningi við Advania um örugga miðlun gagna í gegnum vefgátt Signet transfer fyrir starfsfólk Félags- og skólaþjónustu. Um er að ræða áskriftarþjónustu sem er uppsegjanleg með mánaðar fyrirvara. Áskriftin rúmast innan fjárheimilda ársins.

Stjórn samþykkir áskrift samhljóða.

### 4. Umboð til almennra bankaviðskipta

Stjórn Félags- og skólaþjónustu A. Hún. tók fyrir, samþykkti samhljóða og undirritaði umboð til Ólafs Þórs Ólafssonar kt. 240659-2129, til þess að koma fram fyrir hönd Félags- og skólaþjónustu A. Hún. í viðskiptum við Landsbankann kt. 471008-0280.



Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 17:00.

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Ólafur Þór Ólafsson

Grímur Lárusson

Grímur Lárusson

Péturina Laufey Jakobsdóttir

Péturina Laufey Jakobsdóttir

Erla Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir